

Ársskýrsla 2011



Byggðasafn Árnesinga
og
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2011	3
Starfsfólk	3
Húsakynni	4
Skráningarkerfi og aðföng	4
Gefendur aðfanga 2011	5
Aðstaða til varðveislu	6
Rannsóknir	6
Hvar varst þú?	7
Leikir barna 2009	8
Brauð í norðri	8
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2011	8
Jarðskjálftamál	13
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	13
Rjómabúið á Baugsstöðum	14
Samstarf	15
Fundir, námskeið og ráðstefnur	15
Kynningar- og markaðsmál	16
Kirkjubær	16
Héraðsnefnd og stjórn	17
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2011 og eigið fé	18



www.husid.com

Á forsíðu er ljósmynd tekin frá hlöðutóftinni af Húsinu og Kirkjubæ í október 2011.

Ljósmyndir þessarar skýrslu eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Ársskýrslan er unnin eftir forskrift Safnaráðs.

Formáli

Starfsemi Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2011. Við söfnin var unnið að þeim verkefnum sem þar ber að vinna samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Sýningahald var með hefðbundnum hætti en fimm sérsýningar voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum.

Byggðasafn Árnesinga vinnur með öðrum söfnum að verkefnum á sviði samtímaskráningar og – söfnunar. Gengið var frá útgáfu á niðurstöðum Byggða- og húsakönnunar á Stokkseyri.

Byggðasafn Árnesinga keypti húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka í desember og hyggst nýta til sýningahalds. Í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands var hafin vinna við nýja framtíðarsýn varðandi endurbætur og viðgerðir á húsum á svæðinu í kringum Húsið á Eyrarbakka. Byggðasafn Árnesinga fékk bætur frá Viðlagasjóði fyrir tjón sem varð á þjónustuhúsi safnsins þann 29. maí 2008.

Opnunartími og gestafjöldi 2011

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 15. maí til 15. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað um páska, á safnahelgi í nóvember og einn dag á jólafostu. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Fullur aðgangseyrir var kr. 700.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2010 varð 3.725, þar af 380 erlendir og 101 í skólahópum.

Gestafjöldi var svipaður milli ára. Mælitæki við skráningu gesta á árin 2011 er nákvæm og áræðanleg talning starfsmanna. Mælitæki við talningu gesta árið 2010 var talning úr gestabók að viðbættum áætluðum fjölda sem ekki skrifuðu. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 63 gestir í gestabók. Mun fleiri komu og skrifuðu ekki. En hvaða erindi eiga þeir sem koma í þjónustuhúsið? Erindin eru margvísleg t.d. afhendingar, ljósmyndapantanir, upplýsingaleit um safnmuni, ljósmyndir, örnefni og fleira. Þrátt fyrir að þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga sé ekki sýningahús hefur vegfarendum verið gefinn kostur á að litast þar um.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, **safnstjóri** í 100% stöðu. Á árinu framlengdi stjórn safnsins ráðningarsamning hans við safnið um fimm ár eða til 2016. Starfsvið safnstjóra er viðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks.

Linda Ásdísardóttir íslenskufraeðingur BA, **safnvörður** í 100% stöðu, starfar við hlið safnstjóra að faglegu safnastarfi.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu í Húsinu yfir sumartímann og ræstingar í Húsinu allt árið.

Agnes Karlsdóttir vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og hafði umsjón með ræstingum þar.

Hörður Jóhannsson vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og í afleysingum í Húsinu.

Andri Erlingsson háskólanemi vann í hlutastarfi hluta sumars við gæslu í Húsinu á Eyrarbakka.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Hildur Hákonardóttir hefur aðstoðað við uppsetningu sýninga safnsins í fjölmörg ár. Á árinu aðstoðaði hún við uppsetningu, páskasýningar, sumarsýningar og jólasýningar í borðstofu. Einnig veitti hún ráðgjöf við greiningu á textílmunum er bárust safninu á árinu 2010.

Jana Etienne frá Kreutstal í Þýskalandi vann sem sjálfboðaliði við safnið í september. Pakkaði hún gripum, þýddi texta yfir á þýsku og skannaði gögn.

Húsakynni

Tólf hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti. **Þjónustuhús** með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. **Húsið** og **Assistentahúsið** hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig **Eggjaskúrinn** og **útihúsin**. Byggðasafn Árnesinga rekur **Sjóminjasafnið á Eyrarbakka** samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru **sýningahús** að Túngötu 59, **Mundakotsskemmu**, geymsla að Þykkvaflöt 2 og **Beitningaskúrinn** við Óðinshús en fyrirhugað er að opna hann til sýningar árið 2012. Umsjón muna **Þuríðarbúðar á Stokkseyri** heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri **Rjómabúsins á Bausstöðum**. Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga eiga saman húseignina **Austurmýri 21** á Selfossi sem er í útleigu. Byggðasafn Árnesinga keypti í árslok húsið **Kirkjubæ** á Eyrarbakka og hyggst nýta til sýningahalds.

Á árinu var Eggjaskúrinn málaður að utan af Ingólfi Hjálmarssyni málarameistara á Eyrarbakka. Ýmis viðhaldsverk bíða úrlausnar eins og viðgerð á norðurinnngönguskúr Hússins, viðgerð á brunni, viðgerð á grindverki milli Hússins og Assistentahússins og viðgerð á skorsteini Assistentahússins. Í lok ársins hóf Eðalmálun ehf að mála að innan alla glugga í Húsinu og Assistentahúsinu. Ýmis viðhaldsverkefni bíða húseigna Sjóminjasafnsins.

Skráningarkerfi og aðföng

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráð í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Á árinu 2011 var farið að skrá í gagnagrunninn Sarp 3.0 sem þróaður hefur verið undanfarin ár. Í framtíðinni verða öll gögn sem þar eru skráð aðgengileg á vefnum.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira.

Skráðar voru 46 afhendingar við söfnin á árinu 2011, bæði munir og ljósmyndir.

Enn eru ýmis aðföng frá síðustu árum óskráð, einkum ljósmyndir sem og stórar afhendingar eins og úr dánarbúi Helga Ívarssonar frá Hólum.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga í árslok var sem hér segir:

Munir: 6.072 (þar af 504 hjá Tónminjasetri), nýskráðir voru 17 munir.

Ljósmyndir voru 5.912 sem skiptust í 2.771 mannamynd og 3.141 þjóðlífsmynd.

Fornleifar skráðar í Sarp: 996.

Helstu aðföng 2011 voru munir frá Litlu-Háeyri sem bárust safninu í mars þegar eigendaskipti urðu að húsinu. Munirnir eru úr fórum Helgu Guðjónsdóttur, systur Sigurðar skipstjóra og stofnanda Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Merkustu gripir sem bárust safninu á árinu voru leikbúningar leikhóps Ungmennafélags Eyrarbakka sem Helga Guðjónsdóttir á Litlu-Háeyri varðveitti áratugum saman uppi á háalofti í húsi sínu. Einnig fatnaður allskonar m.a. gerður úr hreinsuðum hveitipokum. Að auki voru safninu færðir ýmsir innanstokksmunir frá Litlu-Háeyri, einkum handgerðir hlutir en að auki ýmsir persónulegir munir Sigurðar Guðjónssonar eins og skrifborð, hattur og barómeter. Sverrir Pálsson á Akureyri gaf safninu tvo kistla sem Filippus Bjarnason í Sandhólaferju smíðaði, þeir voru um skeið í eigu afa Sverris Odds Oddssonar í Regin. Svavar B. Jónsson í Reykjavík gaf skrifborð sem var í eigu og smíðað af afa hans Sigurði Gíslasyni smið á Eyrarbakka. Guðrún Gísladóttir sem fæddist í Læknishúsinu árið 1922 færði safninu ljósmyndir af Eyrbekkingum á ferðalögum um miðbik síðustu aldar.

Gefendur 2011 voru:

Eiríkur Runólfsson, Eyrarbakka,

Eiríkur Sigurjónsson frá Merkisteini,

Elísabet Jónsdóttir, Seltjarnarnesi,

Finnur Kristjánsson, Eyrarbakka,

Gísli Kristjánsson, Selfossi

Guðmundur Kristjánsson, Eyrarbakka,

Guðrún Gísladóttir frá Læknishúsi,

Gunnar Valur Jónsson, Selfossi,

Gyðríður Sigurðardóttir og Guðjón Pálsson, Selfossi,

Hjördís Þorfinnsdóttir, Selfossi,

Jóhann Gíslason, Eyrarbakka,

Jóhann Jóhannsson, Eyrarbakka,

Jón Gunnar Gíslason, Eyrarbakka,

Jón Áskell Jónsson, Selfossi,

Dánarbrú Magneu Kristínar Hannesdóttur frá Stóru-Sandvík,

Óskar Magnússon, Eyrarbakka,

Svavar G. Jónsson, Hafnarfirði,

Sverrir Pálsson, Akureyri,

Valgerður K. Sigurðardóttir og Brynjólfur og Bára Brynjólfsbörn frá Litlu-Háeyri,

Örn Óskarsson, Selfossi.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna en viðunandi víðast annarsstaðar. Mundakotsskemmi líður fyrir skort á viðhaldi og er aðgerða þörf, auk þess sem vinnurými fyrir starfsmenn sem um geymsluna þurfa að ganga er lítið. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki. Á árinu var lokið við forvörslu þeirra safnmuna sem skemmdust í jarðskjálftanum 2008 og ákveðið var að gera við. Forverðir Þjóðminjasafns Íslands sáu um viðgerðir. Fyrirhuguð er könnun á ástandi safnkosts.

Vegna stórra aðfanga undanfarin þrjú ár er farið að verða þröngt um gripi í þjónustuhúsi að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Reynt var að vinna bót á því með betri skipulagningu í sal og „deponeringu“ til annarra safna. Listasafn SÓ tók til baka stytur sem í nokkur ár hafa verið varðveittar í þjónustuhúsinu.

Rannsóknir

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka. Eftirfarandi rannsóknir eru stundaðar af söfnunum á Eyrarbakka:

Rannsóknir í tengslum við skráningu og forvörslu safngripa.

Rannsóknir og greining á ljósmyndum. Fyrirspurnir berast reglulega frá almenningi og safnafólki sem safnið afgreiðir að jafnaði fljótt og vel.

Rannsóknir á fornleifum eða fornleifaskráning. Það kemur fyrir að leita þarf í gögn fornleifadeildar vegna framkvæmda. Gögn fornleifaskráningar Árborgar sem unnin var á safninu 2004-2009 eru varðveitt á skrifstofu Byggðasafns Árnesinga.

Rannsóknir vegna fyrirspurna til safnsins. Linda Ásdísardóttir vann rannsókn um Rosenberg barón sem bjó í Traðarholti við Stokkseyri á 17. öld. Fyrirspurnin kom í tölvupósti.

Rannsóknir vegna sýninga. Lýður Pálsson vann rannsókn á bakgrunni sýslunefndarmanna sem sátu í Sýslunefnd Árnessýslu árið 1911, vegna sumarsýningar safnsins.

Rannsóknir á húsum og búsetulandslagi – húsakannanir Á árinu 2010 var aftur tekið við rannsóknaverkefnið Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri. Styrkur fékkst hjá Húsafriðunarsjóði og var fyrir styrkinn unnið að greinargerð um gömlu húsin á Stokkseyri og byggðamynstur Stokkseyrar. Ráðgjafi verkefnisins var Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt. Í árslok 2010 voru tilbúin fyrstu drög að greinargerð ásamt endurskoðaðri húsaskrá. Sótt var um styrk til Húsafriðunarsjóðs ríkisins og fékkst nægjanlega hár styrkur til útgáfu á riti með niðurstöðum. Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir aðstoðuðu Guðmund Lúther Hafsteinsson við lokafrágang og prófarkalestur á ritinu. Inga Lára Baldvinsdóttir sem sat í vinnuhópi um húsakönnunina prófarkalas einnig. Ritið Byggða- og húsakönnun á Stokkseyri 2010 var prentað milli jóla og nýárs 2011.

Rannsóknir á sögu Hússins. Lýður Pálsson gerði Poesi-bók og Visistkortamöppu úr Húsinu aðgengilega gestum í formi rits sem gestir geta flett í Húsinu. Lýður gerði ítarlegan lista yfir allar mannvistarleifar við Húsið á Eyrarbakka og fólst í þeirri vinnu mikil rannsókn á heimildum um Húsið.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Sem dæmi má nefna rannsóknir Lindu Ásdísardóttir á nýtingu kúmens fyrir á tímum sem hún síðan miðlaði í göngutúr um Eyrarbakka og í Morgunblaðið.

Rannsóknir á afmörkuðum þáttum er tengjast sögu héraðsins í samræmi við stofnskrá, söfnunarstefnu og heildarstefnu safnanna.

Þrátt fyrir að gifturíkt rannsóknastarf sé stundað af starfsfólki hefur útgáfustarf verið í takmörkuðum mæli og þá fyrst og fremst í útgáfum á rannsóknarskýrslum.

Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknastarfs Byggðasafns Árnesinga. Linda Ásdísardóttir og Lýður Pálsson taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Heimildamyndin Húsið á Eyrarbakka byggir á samantekt á sögu Hússins á Eyrarbakka – sem er afrakstur rannsóknastarfs safnstjóra. Ljósmyndir sem prýða heimildamyndina hafa verið rannsakaðar og greindar af starfsfólki og öðrum sérfræðingum.

Söfnin hafa lagt mikla rækt í útgáfu póstkorta og á vegum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka hafa verið gefnar út bækurnar *Örnefni á Eyrarbakka* og *Margur í sandinn hér markaði slóð*, báðar útgefnar árið 1998. Ritið *Örnefni á Eyrarbakka* var prentað að nýju þegar í ljós kom að upplagið frá upphaflegu útgáfunni 1989 var þrotið.

Hvar varst þú?

Öðru hverju berast starfsmönnum safnsins nýjar reynslusögur frá jarðskjálftanum 2008. Safnasjóður og Menningarráð Suðurlands hafa styrkt rannsóknaverkefnið, bæði sýningu og vistun gagna. Á árinu 2011 naut Hveragerðisbær þessa verkefnis þegar sett var upp sýningin Skjálftinn 2008 í verslunarmiðstöðinni Sunnumörk í Hveragerði.

Leikir barna 2009

Safnið tekur þátt í samstarfsverkefni sem kallast *Leikir barna 2009* og miðar að því að rannsaka ólíka leiki barna víðs vegar um landið. Alls taka átta söfn þátt í þessu verkefni og hóft það árið 2008. Eitt af markmiðum þess er að þjálfa safnafólk í ákveðinni aðferðarfræði í söfnun samtímaheimilda. Unnin var vettvangsrannsókn haustið 2010 í tveimur skólum í Árnassýslu, Flóaskóla og Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Unnið var úr þeim gögnum og hönnuð sameiginleg farandsýning sem opnuð var í Þjóðminjasafni Íslands í mars 2011 en kom í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka í ágúst. Verkefnið er styrt af Safnasjóði. Linda Ásdísardóttir heldur utan um þátttöku Byggðasafns Árnesinga í verkefninu.

Brauð

Þriðja samtímarannsóknin sem Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í er verkefnið *Brauð í norðri* sem hófst árið 2008 og var það Linda Ásdísardóttir sem sá um þátt safnsins í verkefninu. Gerð var rannsókn á vinnslu hverarúgbrauðs í Hveragerði með aðstoð frá þremur ólíkum bókum í þorpinu. Bæði var verkmenningin rannsökuð og einnig saga hverarúgbrauðs á þessu svæði. Afrakstur rannsóknarinnar var miðlað á vefnum <http://braudbrunnur.wordpress.com/>. Þetta er hluti af samnorrænu verkefni *Bröd i Norden* sem er á vegum Norsam. Fleiri söfn á Íslandi taka þátt. Safnið fékk ferðastyrki til að taka þátt í verkefninu. Verkefnið var kynnt á farskóla safnamanna í Skagafirði í október. Lokaskýrsla kom út í lok ársins.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun


Heimildarmyndin Húsið á Eyrarbakka sem safnið lét gera 2007 var sýnd í Ríkissjónvarpinu 2. janúar og endursýnd 19. janúar. Í heimildamyndinni er fjallað um Húsið, íbúa þess og þá margvíslegu menningarstrauma sem þaðan bárust. Einnig er fjallað um verslunarhætti og brugðið upp svipmyndum af Húsinu í dag. Handrit, stjórn upptöku og klipping var í höndum Andrésar Indriðasonar, um kvikmyndatöku, hljóð, lýsingu og klippingu sá Jóhannes Jónsson. Frumsamin tónlist fyrir myndin er eftir Elínu Gunnlaugsdóttur tónskáld. Margir styrktu gerð heimildarmyndarinnar. Aðalstyrktaraðili voru Kaupmannasamtök Íslands.

Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Aðsókn væri meiri ef skólayfirvöld létu skólastofnunum í té meira fjármagn til ferða.

Ellefti fundur Bæjarstjórnar Árborgar var haldinn í borðstofu Hússins á Eyrarbakka miðvikudaginn 9. febrúar 2011. Á dagskrá fundarins var staðfesting fundargerða, tillögur bæjarfulltrúa um margvísleg mál. Merkustu tíðindi fundarins voru tvímælalaust kosning í fjögur hverfisráð



sveitarfélagsins. Fundurinn stóð yfir í einn og hálfan tíma að viðstöddum gestum. Fundinn sátu allir bæjarfulltrúar auk framkvæmdastjóra og fundarritara. Fundargerðina má lesa í heild sinni á vef Árborgar, slóð: <http://arborg.is/fundargerdir/4838/>



Um páskana var í borðstofu Hússins á Eyrarbakka hengd upp sýning á veggteppum úr fórum Byggðasafns Árnesinga. Veggteppin koma víða að. Meðal þeirra sem saumað hafa veggteppin má nefna Árnýju Filippusdóttur í Hveragerði, Þórdísi Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka og Guðrúnu Guðmundsdóttur á Sunnuhvoli á Stokkseyri. Einnig voru á sýningunni veggteppi frá fleiri stöðum úr héraðinu. Auk veggteppanna var á sýningunni mjög merkur gripur, „klæðið fljúgandi“ eða líkkistuklæði Ingibjargar Jónsdóttur sem fæddist að Gaulverjabæ árið 1875 en dó í Suður- Kaliforníu 1964. Þegar hún lá banaleguna fékk hún tvö af börnum sínum

til að hjálpa sér við að sauma líkkistuklæði þar sem þurruð blóm frá Stóra-Núpi og íslenski fáninn eru felld inn í teppið. Heilagur andi í dúfulíki skreytir miðju klæðisins en sá fugl skyldi bera sál hennar heim til Íslands er yfir lyki.

Byggðasafn Árnesinga var þáttakandi í menningarhátíðinni **Vor í Árborg**. Fjölmargir gestir sóttu söfnin heim í blíðskaparveðri. Laugardagurinn var helgaður börnum og ratleikur sem dró þátttakendur vítt og breitt um safnasvæðið sló í gegn. Gestir fengu líka að mala kaffi í eldhúsi Hússins og þáðu brjóstsykur í kramarhúsi. Við Sjóminjasafnið fóru ungir kassabílaeigendur á rúntinn með gesti. Á sunnudaginn áttu heldri borgarar heiðurinn af mikilli gæðastund þegar húslestur og spjall runnu í eitt og seinna sama dag kom ástkært tónlistarfólk af Bakkanum og söng inn vorið. Voru þar komin Súsanna Björk Torfadóttir, Þórir Ólafsson, Örlygur Benediktsson, Jóhannes Bjarnason og Karen Dröfn Hafþórsdóttir.

Sumarsýning Byggðasafns Árnesinga **Fundað í Fjölni** var opnuð 13. maí. Á sýningunni var elsta ljósmynd sem til er af Sýslunefnd Árnesinga frá árinu 1911 krufin til mergjar. Gægst var inn í veröld þessara virðulegu skeggaðra manna sem birtast okkur í gamalli snjáðri ljósmynd. Á meðal þeirra er sr. Valdimar Briem á Stóra-Núpi og þrír aðrir prestar en flestir voru sýslufulltrúarnir bændur og hreppstjórar. Sýningin var í borðstofu til 15. september.

Ljósmyndasýningin **Allir í leik**, var opnuð 15. maí í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Á sýningunni voru ljósmyndir af börnum að leik fyrr og nú.

Á Sjómannadaginn var í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka haldinn fyrirlestur um sjósókn kvenna. Ragnhildur Bragadóttir sagnfræðingur hélt fyrirlesturinn **Róðu betur, kær minn karl - Af sjókonum á 18. öld** og kemur þar fyrir hin alkunna Þuríður formaður er lengstum réri frá Stokkseyri. Ragnhildur lýsti margvíslegum aðstæðum íslenskra sjókvenna, aðbúð, samfélagsstöðu, launakjörum og afköstum. Sagt var frá lífshlaupi nokkurra nafngreindra kvenna og einkum lýst auðkennum og örlögum tveggja kunnustu kvenna tímabilsins, Látra-Bjargar og Þuríðar formanns, sem



handstrokkun á smjöri. Tveir kálfar og kýrin Hryssa, sem utan þess að vera til sýnis við útihúsin eina dagsstund mjólkaði 6.201 lítra mjólkur á árinu, fengu óskipta athygli. Hápunkturinn var svo þegar gamall glæsilegur mjólkurbíll frá Mjólkurbúi Flóamanna renndi sér upp að brúsapallinum. Mjólkursamsalan á Selfossi styrkti mjólkurdagskrána.

Um kvöldið sungu hátíðargestir saman í stásstofu Hússins samkvæmt hefð svo undir ómaði við undirleik Heimis Guðmundssonar.



Tónleikar voru í stásstofu Hússins á Eyrarbakka á **Íslenska safnadeginum** þann 10. júlí. Gísli Stefánsson baríton söng úr Íslenska söngvasafninu. Guðjón Halldór Óskarsson spilaði undir á gamla píanóið.



Um sumarið gaf safnið út á DVD-diski heimildarmyndina um Húsið á Eyrarbakka. Heimildarmyndin er til sölu í Húsinu á Eyrarbakka, Verslun Guðlaugs Pálssonar á Eyrarbakka og Sunnlenska bókakaffinu á Selfossi.

Ekki snerta jörðina! er farandsýning fyrir börn á öllum aldri sem opnaði í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 11. ágúst. Sýningin er samtímasýning og þar má sjá brot af leikjum barna í dag. Hún er öll á forsendum barna. Hægt var að snerta, skoða og leika. Á sýningunni gaf að líta afrakstur rannsóknar sem Byggðasafn Árnesinga tók þátt í ásamt sjö öðrum söfnum á landsvísu, Þjóðminjasafni Íslands, Árbæjarsafni, Lækningaminjasafni Íslands, Byggðasafni Reykjanesbæjar, Minjasafninu á Akureyri, Minjasafni Egilstaða og Þjóðfræðistofu. Rannsóknin miðaðist við að rannsaka leiki 10 ára skólabarna þar sem börnin sjálf voru virkir þátttakendur. Á Suðurlandi voru það börn í Flóaskóla og Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri sem lögðu verkefninu lið.



Aldamótahátíð á Eyrarbakka var haldinn að forgöngu eigenda gamla frystihússins á Eyrarbakka helgina 12.-14. ágúst. Dagskráin var með aldamótasniði með kappslætti, fornbílaakstri, sýningum, söngvum og dansi auk þess sem blásið var til brúðkaups og hvítar dúfur flugu heiðursflug. Í garði Hússins á Eyrarbakka dönsuðu félagar úr Þjóðdansafélagi Reykjavíkur. Linda Ásdísardóttir safnvörður leiddi kúmengöngu um þorpið.



Lokadagur sýningarinnar *Ekki snerta jörðina!* var 2. október og þá var smíðadagur. Þetta þema var valið þar sem niðurstöður úr rannsókn sýndi að krakkar smíða mikið, alls 63% barna smíða kofa, kassabíl eða sverð. Vel tókst til með smíðadaginn. Þrátt fyrir rigningu og dumbunga mætti fjöldi fólks með hamarinn sinn í Sjóminjasafnið og smíðaði úr öllu tiltæku efni. Þarna komu börnin í fylgd með pabba, mömmu, afa og ömmu svo það ríkti mikil

fjölskyldustemning á svæðinu. Bátasmíðin var allra vinsælust en þeir áköfustu létu sér nægja sverðasmíðina. Smíðirnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir á Eyrarbakka lögðu þessu verkefni lið með efni og annarri hjálp. Smíðadeginum var svo vel tekið að öruggt er að hann verði endurtekinn við tækifæri.



Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í Safnahelgi á Suðurlandi fyrstu helgina í nóvember. Í borðstofu og bláu stofunni var sett upp ljósmyndasýningin ***Hvar var Þorsteinn?*** Ljósmyndasafn Þorsteins Jósepssonar var til sýnis og greiningar. Gestir voru hvattir til að koma og hjálpa við að þekkja staðinn og fólkið á ljósmyndunum. Þorsteinn (1907-1967) var mikilsvirtur landslagsljósmyndari sem

ferðaðist um allt Ísland í mörgum ljósmyndaleiðöngum. Eftir hann liggur mikið af þjóðlífmyndum. Alls voru um 500 myndir á sýningunni frá árunum 1940-65. Sýningin var haldin í samstarfi við Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni. Töluvert barst af viðbótarupplýsingum en jafnframt greindu starfsmenn safnsins ljósmyndir fyrir og eftir sýningu.

Auk ljósmyndasýningarinnar voru tvennir tónleikar í stásstofunni, þjóðlagasveitin Korka á laugardeginum og Blokkflautukvartett Rangæinga á sunnudeginum. Á sunnudeginum fjallaði Gunnar Marel Hinriksson sagnfræðingur um nýútkomna ljósmyndabók sína Selfoss og Linda Ásdísardóttir var með erindi um Þorstein Jósefsson ljósmyndara.



Jólasýning var sett upp í borðstofu

Hússins á Eyrarbakka að gamalli hefð. Ólöf Árnadóttir frá Oddgeirshólum kom ásamt niðjum sínum og frænkum og skreytti jólatréð frá Hruna undir öruggri stjórn Hildar Hákonardóttur. Ólöf sem komin



er á tíræðisaldur hitti þar fyrir jólatréð sem hún skreytti ásamt móður sinni og systkinum í æsku. Fréttastofu Sjónvarpsins þótti það frétnæmt. Tekið var á móti skólahópum en sýningin var einnig opin upp á gátt sunnudaginn 11. desember. Sama dag var bókaupplestur í

stáðsstofunni. Fjórir rithöfundar lásu úr verkum sínum, þau Guðmundur Andri Thorsson, Vigdís Grímsdóttir, Hildur Hákonardóttir og Baggalúturinn Garðar Þorsteinn Guðgeirsson.

Á árinu fékk safnið góðan styrk frá Menningarráði Suðurlands til að standa straum af viðburðum en sótt var til ráðsins um viðburðadagskrána **Í stofum Hússins**.

Jarðskjálftamál

Enn eitt árið frá 2008 leið án þess að kæmist að koma öllum kurlum til grafar er varða afleiðingar jarðskjálftans. Lokið var forvörslu nokkurra safnmuna í Þjóðminjasafni Íslands.

Við skjálftann skemmdist Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga. Grindin skekkist og sökkull gekk til. Viðlagasjóður bætti tjónið og ljóst er að byggingin hefur fallið í mati við skjálftann. Bæturnar voru nýttar til viðgerða á skrifstofu og uppgreiðslu láns sem hvíldi á húsinu, til eflingar reksturs safnsins og að lokum voru bætur lagðar til hliðar til síðari tíma.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins. Sjóminjasafnið var stofnað og starfrækt af Sigurði Guðjónssyni á Litlu-Háeyri. Vann hann að söfnun gripa og byggði safnhús fyrir eigin kostnað með hjálp opinberra aðila og systkina sinna. Hann gaf Eyrarbakkaheppi safnið árið 1987 og var Inga Lára Baldvinsdóttir umsjónarmaður safnsins frá 1987 til 1998. Mótaði hún starfsemina, kom skráningu í gott horf og skipulagði grunnsýningu. Sjóminjasafninu tilheyra um 1500 safngripir og um 5000 ljósmyndir. Á árinu 2009 var skipt um glugga og gluggakarma á öllu Sjóminjasafninu. Áfram var haldið endurbótum á húseigninni á árinu 2010. Var skipt um innri klæðingu á suðurhlið forsalar og hliðin ásamt austurhlið forsalar einöngruð upp á nýtt og málað í sama lit og var. Gólf Sjóminjasafnsins var lagfært og svart steinteppi lagt á gólf. Að utanverðu var einnig einangrað með steinull og svört timburklæðing sett á alla útveggi. Á árinu 2011 var gengið frá þakkanti á flestum hliðum af starfsmönnum Árborgar en verkinu var ekki lokið fyrir árslok. Fyrir liggur nauðsyn á að lagfæra þak og færa útlit þess í stíl við nýja veggklæðningu.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tók þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna. Áfram var haldið að vinna að gerð sjóminjakorts yfir Ísland. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Samstarfsaðili SÍS er Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri sem vinnur að gagnagrunni um íslenskan menningararf sem tengist sjónum og sjávarútvegi.

Á árinu var aflað upplýsinga um sögu Beitningaskúrsins og lögð fram áætlun um sýningu þar. Tekið var ítarlegt viðtal við Jóhann Jóhannsson útgerðarmann sem þekkir sögu skúrsins mæta vel. Fyrirhugað er að tala við fleiri kunnuga Eyrbekkinga. Beitningaskúrin var byggður um 1925 á blómaskeiði vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og var í upphafi fiskgeymsla en síðar beitingaskúr. Hann var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1990 og þá gerður upp með stuðningi Húsafríðunarnefndar ríkisins.

Þuríðarbúið hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Hverfisráð Stokkseyrar vakti athygli á bágu ástandi Þuríðarbúðar í bréfi til Bæjarstjórnar Árborgar um haustið og þrýsti á um aðgerðir.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald. Fyrir liggur samþykki allra aðila að Byggðasafn Árnesinga að þjónustusamningi og er starfað eftir efni hans en formleg undirskrift hefur ekki átt sér stað. Að taka við umsjón Rjómabúsins á Baugsstöðum fellur vel að starfssviði Byggðasafns Árnesinga.

Andri Erlingsson sá um gæslu í rjómabúinu í júlí og ágúst. Fyrir styrk frá Húsafriðunarsjóði var vesturhlið bússins lagfærð og sáu bræðurnir Gísli og Guðmundur Kristjánssynir um það verk.

Á árinu 2010 vann Gunnar Sigurgeirsson ljósmyndari að tókum á heimildarmynd um Sigurð Pálsson á Baugsstöðum en verkið hefur legið niðri af ýmsum ástæðum. Byggðasafn Árnesinga er samstarfsaðili að heimildamyndinni og hefur sótt um styrki fyrir myndina, auk annarar aðstoðar. Menningarráð Suðurlands hefur styrkt verkefnið með góðum upphæðum.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Sigurður Pálsson á Baugsstöðum hefur verið umsjónarmaður búsins frá því það var opnaði almenningi til sýnis en af heilsufarsástæðum gaf Sigurður til kynna á árinu að hann hygðist láta af því starfi. Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Samstarf

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Á Alþingi voru á árinu samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem munu hafa áhrif á starfsemi safnsins. Lögin taka gildi 1. janúar 2013. Þjóðminjasafni Íslands og Safnaráði eru veittar margvíslegar upplýsingar um starfsemina enda kemur hluti rekstrarfjár frá Safnasjóði. Samstarf er á meðal Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímaminja eftir SAMDOK aðferðinni sem felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa. Lokið var tveimur verkefnum, annarsvegar verkefninu Leikir barna og hinsvegar samnorrænu verkefni Brauð í norðri.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra minjasafna Sarpi. Safnstjóri er í fulltrúaráði Rekstrarfélags Sarps og sat þar einn fund á árinu.

Góð samskipti eru við Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningamálum á Suðurlandi.

Safnmunir voru lánaðir Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna uppsetningar Þjórsárstofu í Félagsheimilinu Árnesi.

Önnur samskipti áttu sér stað á margvíslegum vettvangi við söfn og stofnanir, hérlandis og erlendis, og fólust einkum í tölvupóstsamskiptum og sömuleiðis heimsóknunum, skipulögðum og óskipulögðum.

Norsam-stýrihópur

Linda Ásdísardóttir var útnefnd í Norsam-stýrihóp sem fjallar um samtímavarðveislu á Norðurlöndum. Safnasjóður styrkir veru hennar í hópnum en auk Lindu er Lilja Árnadóttir frá Þjóðminjasafni Íslands í hópnum fyrir hönd Íslands.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Starfsmenn Byggðasafns Árnesinga sóttu eftirtalin námskeið, opna fundi og ráðstefnur á árinu 2011:

Lýður Pálsson safnstjóri var með kynningu á starfsemi Byggðasafns Árnesinga á málþingi Upplits um samstarf og menningarstefnu í uppsveitunum sem fram fór á Hótel Heklu laugardaginn 29. janúar, undir yfirskriftinni „Skiptir menning máli?“

Linda Ásdísardóttir sat námskeið í safnfræðslu á Hrafnseyri í ágúst.

Lýður Pálsson fór í kynnisferð um söfn í Lillehammer og Osló ásamt starfsfólki Minjasafns Reykjavíkur dagana 7. til 11. september. Starfsmenntunarsjóður BHM styrkti Lýð til fararinnar.

Fundur var haldinn hjá húsasafni Þjóðminjasafns Íslands í Varmahlíð í Skagafirði þann 4. október þar sem Þjóðminjasafnið boðaði á fundinn þá aðila sem hafa umsjón með byggingum húsasafnsins. Lýður Pálsson sótti fundinn en Húsið á Eyrarbakka er hluti af húsasafninu.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn í Varmahlíð í Skagafirði dagana 5.-7. október. Þema farskólans var samstarf. Linda og Lýður sóttu farskólann.

Lýður sat Master-class námskeið hjá Nönnu Hermanson fyrrv. borgarminjaverði sem haldið var vikuna 24.-28. október í Reykjavík og fjallaði um þróun safna á Norðurlöndum.

Lýður Pálsson nemur meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. Námið hófst í ágústlok 2010 og var langt komið í árslok 2011. Linda Ásdísardóttir hóf MA-nám í safnafræði við Háskóla Íslands í ágúst 2011.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða, í sunnlenskum fjölmiðlum og einnig í sunnudagsblaði Morgunblaðsins ásamt öðrum íslenskum söfnum. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV.

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttu af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsiðu. Safnstjóri sér um að uppfæra efni síðunnar.

Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir hjá Stella design hefur séð um hönnun auglýsinga undanfarin ár. Að hennar ósk lét hún af þeim verkefnum og var Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður sem býr á Eyrarbakka fengin til að taka við verkefnum hennar.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“ og sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The House (Húsið á Eyrarbakka)“. Byggðasafn Árnesinga var með kynningarbás á Sveitahátíð Jötuns – véla að Austurvegi 69 á Selfossi í maí og sömuleiðis með kynningarefni á Sunnlenskri kynningu Markaðsstofu Suðurlands í apríl í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Heimildarmyndin Húsið á Eyrarbakka var sýnd á RÚV í byrjun ársins. DVD-diskur var svo gefinn út til sölu og til markaðsetningar um sumarið.

Kirkjubær

Í lok ársins keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær verður nýttur til sýningahalds og garðurinn umhverfis verður almenningsgarður. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til

Byggðasafns Árnesinga verður varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær var byggður árið 1920 og hefur verið sumarhús síðustu áratugi. Kirkjubær er bárujárnsklætt timburhús með steinsteyptu bíslagi í norður. Það var dæmigert fyrir byggingar alþýðufólks á þessum tíma. Ætlunin er að gera húsið upp í upprunalega mynd og hafa innlifunarsýningu á hefðbundnu heimili almúgafólks um 1930 í stærstum hluta hússins. Það verður mótvægi við ríkmannlegt heimili kaupmannsins í Húsinu



og er staðsetning við safnasvæðið og í hjarta þorpsins ákjósanleg. Safnið keypti Kirkjubæ fyrir 6,4 milljónir króna. Heildarkostnaður með viðgerðum gæti numið nálægt 20 milljónum króna.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Héraðsnefndin er í eigu sveitarfélaga í Árnessýslu og stofnuð í kjölfar slita á Sýslunefnd Árnessýslu árið 1990. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur þriggja safna á héraðsvísu. Héraðsnefnd Árnesinga heldur tvo fundi á hverju ári. Á vorfundi eru lagðar fram til afgreiðslu ársskýrslur og ársreikningar liðins árs, fundargerðir stjórna safna og héraðsráðs. Á haustfundi eru lagðar fram áætlanir næsta árs og afgreiddar fundargerðir frá vorfundi. Þá er einnig kosið í stjórnir safnanna til eins árs.

Í stjórn Byggðasafns Árnesinga sitja Eva Marín Hlynisdóttir, Hrafnkelsstöðum II, Hrunamannahreppi, stjórnarformaður, Guðmundur Þór Guðjónsson, Hveragerði, varaformaður, og Inga Lára Baldvinsdóttir, Eyrarbakka, ritari. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi þar sem kveður á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir urðu fimm á árinu. Ýmis mál voru einnig leyst milli funda með tölvubréfum og símtölum og síðar staðfest á næsta fundi. Safnstjóri og stjórnarformaður sátu jafnframt fundi með Héraðsnefnd Árnesinga.

Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórn. Einnig mál sem stjórnarmenn leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar. Á árinu 2011 komu til kasta stjórnar mál eins og samningar um fjargæslu, sala á heimildarmynd og starfssamningur við safnstjóra. Einnig komu til afgreiðslu mál eins og jarðskjálftabætur, Minjasafnið í Gröf, arfur Helga Ívarssonar, ósk um minnisvarða við Húsið og greinargerðir um Kirkjubæ. Að forgöngu Ingu Láru Baldvinsdóttur hefur fundarliðurinn „Framvinda



Yfirlitsmynd af Eyrarbakka frá því í september 2011. Hér sést safnasvæðið mjög vel. Efst lengst til hægri er Sjóminjasafnið en ofarlega lengst til vinstri er Kirkjubær. Ljós. ©Alta ehf - Árni Geirsson.

mála sem safnið vinnur að“ verið fastur liður á stjórnarfundum.

Sérstakur fundur var haldinn 14. júní þar sem fundarefnið var Framtíðarsýn um skipulag á svæðinu í kringum Húsið á Eyrarbakka. Fundinn sátu auk stjórnar fulltrúar frá

Þjóðminjasafni Íslands, þau Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður,

Anna Lís Rúnarsdóttir sviðsstjóri og Guðmundur Lúther Hafsteinsson fagstjóri og arkitekt. Þar var rætt var um skipulagsmál á svæðinu í kringum Húsið og útihúsin sem eru í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Kynntar voru skýrslur og greinargerðir frá árunum 1992-1993 og farið yfir stöðuna í dag. Til umræðu komu mál er tengdust skipulaginu og umhverfi hinna sögulegu húsa og tilheyrandi menningarlandslagi, m.a. umferðarskipulag sem taka þarf mið af umgjörð húsanna, endurbætur á ýmsum húsum og önnur uppbygging í kringum Húsið. Jafnframt var rætt um umhirðu lóðar af hendi Árborgar, s.s. snjómokstur, staðsetningu rafmagnskassa, bekkir og fleira sem hæfa þarf minjunum. Fundarmenn ræddu um endurbætur og viðgerðir á útihúsunum við Húsið og ýmsar hugmyndir komu fram. Áréttað var að standa yrði vörð um þá heild sem felst í búsetulandsagi Hússins á Eyrarbakka Ákveðið var að Þjóðminjasafn Íslands í samráði við stjórn og safnstjóra Byggðasafns Árnesinga mótuðu framtíðarsýn varðandi endurbætur og viðgerðir á húsum húsasafnsins á safnsvæðinu. Vinna við stefnumótunina hófst um haustið.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2011

Rekstrartekjur	Þús. kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	18.200
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.000
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	3.756
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.022
Styrkir og önnur framlög	1.545
Aðrar tekjur	22
Húsaleigutekjur	465
Tekjufærðar jarðskjálftabætur	17.653
	44.664

Rekstrargjöld

Laun og launat. gjöld	18.280
Annar rekstrarkostnaður	6.733
Rekstur fasteigna	2.513
Heimildarmynd um Húsið	69
Afskriftir	1.147
	28.745
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	15.918
Vextir og verðbætur	-931
Hagnaður ársins	14.987

Á árinu 2011 greiddi safnið upp langtímalán sem hvíldi á þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3. Til þess notaði safnið hluta af jarðskjálftabótum vegna skemmda á sama húsi. Eigið fé safnins í fasteignum og bankainnistæðum nam 61,3 milljónum króna í árslok.

Eyrarbakka 11. maí 2012,



Lýður Pálsson
safnstjóri.